

Sp. 22. Tillaga til þingsályktunar [22. mál]

um framlag ríkisins til listskreytingar Hallgrímskirkju í Reykjavík.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Salome Porkelsdóttir, Stefán Benediktsson,
Haraldur Ólafsson, Svavar Gestsson, Skúli Alexandersson.

Alþingi ályktar að skora á kirkjumálaráðherra að skipa nú þegar sjö manna nefnd til að skipuleggja og undirbúa skreytingu og frágang á anddyri, kór og kirkjuskipi Hallgrímskirkju í Reykjavík. Nefndin skal skipuð sem hér segir: Kirkjumálaráðherra skipi einn mann, og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar, menntamálaráðherra, biskup Íslands, húsameistari ríkisins, byggingarnefnd Hallgrímskirkju, Félag íslenskra myndlistarmanna og kirkjulistarnefnd tilnefni einn mann hver í nefndina.

Verkefni nefndarinnar skal vera að gera verkáætlun og áætlun um þann tíma sem talið er að verkið taki, svo og kostnaðaráætlun. Alþingi lýsir vilja sínum til að leggja fram fé á fjárlögum þeirra ára sem verkið yrði unnið og bera kostnað af störfum nefndarinnar.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar var flutt á 107. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Hún er nú endurflutt nokkuð breytt, en flm. eru hinir sömu. Áætlun byggingarnefndar Hallgrímskirkju um lok kirkjusmíðarinnar hefur nú verið endurskoðuð og er óbreytt frá síðasta ári og flm. telja öll hin sömu rök og áður hníga að flutningi tillögunnar. Greinargerð sú sem fylgdi tillögunni á síðasta Alþingi er því endurbirt hér:

Hvaða afstöðu, sem menn kunna að hafa persónulega til guðdómsins og kristninnar, og í þeim efnum eru skoðanir Íslendinga mjög skiptar, getur enginn maður neitað því að kristin menning hefur haft ómælanleg og mikilsverð áhrif á íslenska menningu og listsköpun. Þegar Íslendingar rituðu þær miðaldabókmenntir, sem lengur en nokkuð annað mun halda nafni þessarar dvergþjóðar á lofti, gerðist það fyrir þann sköpunarmátt er leystist úr læðingi þegar heiðin norræn menning og kristin Evrópumening mættust á endimörkum heimsins.

Náin tengsl hafa ævinlega verið milli trúar og listar og nægir í því tilliti að nefna evrópskar miðaldakirkjur og listskraut þeirra, einhver mest völundarsmíð á byggðu bóli, ellegar alla þá dýrlegu tónlist sem orðið hefur til kringum trúariðkanir. Á þeim öldum, þegar kristnin átti hvað sterkust ítök í hugum Evrópumanna og konungar, furstar og kirkjuhöfðingjar gengust fyrir því að eyða stórfelldum fjármunum til að reisa voldugar kirkjur, gera stórfengleg myndverk og semja göfuga tónlist guði til dýrðar, þá áttu Íslendingar ekki þann veraldlega auð sem þurfti til að reisa óbrotgjarna minnisvarða af áþreifanlegu tagi. En við áttum samt andann og það efni sem kannski er öllu dýrara, orðin. Og við áttum menn sem gátu sett saman úr þessu efni þau listaverk sem munu standa meðan einhver kann íslensku og metur list. Sá maður, sem best kvað á íslensku, var auðvitað séra Hallgrímur Pétursson.

Nú eru breyttir tímar. Íslendingar eiga nú veraldarauð nægan til að reisa guði voldugar byggingar og undanfarna áratugi hefur verið unnið af mikilli atorku og ósérhlífni við að koma upp mannvirki á Skólavörðuholti í minningu hins mikla skálds. Um þessa kirkju hefur að vísu staðið nokkur styr þá áratugi sem hún hefur verið í smíðum, en nú er byggingu hennar að ljúka og hún er óumdeilanleg staðreynd og því mál að þrætum linni og menn taki höndum saman um að gera kirkju séra Hallgríms sem veglegasta og fegursta. Engin ytri vandkvæði ættu að vera á slíku þar sem þjóðin á nú orðið valinn hóp manna sem getur unnið

fagra hluti úr margvíslegustu efnum: litum, gleri, mósaík, steini, bronsi o. s. frv. Það sem hins vegar þarf að koma til er sú stærð í hugsun, sú efling andans, sem fyrri tíma furstar og höfðingjar höfðu til að bera þegar þeir létu gera miðaldakirkjur að ódauðlegum listaverkum, og einnig var aflvaki séra Hallgríms Péturssonar þegar hann orti sín ódauðlegu ljóð.

Íslendingar greiða seint skuld sína við séra Hallgrím Pétursson. En minningu hans verður vart meiri sómi sýndur en með því að fela íslenskum listamönnum að gera kirkju hans að musteri listar og fegurðar í hjarta höfuðborgar landsins þar sem menn mega eiga griðastað til að hlýða á það sem hann unni mest, orð guðs, skáldskap og tónlist.

Á árinu 1986 er áætlað að ljúka byggingu hinnar miklu kirkju séra Hallgríms. Hallgrímskirkja hefur algjöra sérstöðu meðal kirkna landsins sem landskirkja, eign allrar þjóðarinnar og mest guðshús á Íslandi. Það væri því mjög við hæfi að Alþingi gæfi höfuðborg landsins og kirkju þá gjöf sem hér er lagt til, gjöf sem standa mun meðan land byggist, bornum og óbornum til friðar og gleði.

Byggingarsaga Hallgrímskirkju.

Fyrsta tillagan um kirkjubyggingu á Skólavörðuholti kom fram árið 1916, um svipað leyti og hafist var handa við byggingu safnhúss Einars Jónssonar, Hnitbjarga. Guðjón Samúelsson, hinn mikli húsameistari sem síðar varð, var þá nemi í húsagerðarlist við listaakadémíuna í Kaupmannahöfn og var að vinna að fyrsta stórverkefni sínu, húsi Nathans og Olsens.

Sjálfur segir Guðjón Samúelsson í viðtali við Morgunblaðið 14. desember 1924:

„Árið 1916 kom til orða að farið yrði að hugsa fyrir byggingu handa þjóðminja-, náttúrugripa- og málverkasafninu, og bað Einar Arnórsson mig um að gera uppdrátt að húsi fyrir þessi söfn. Var þá helst talað um að það yrði byggt á Skólavörðuhæðinni. Uppdrátt þann gerði ég, og datt mér þá í hug að vel væri við eigandi að reisa kirkju þarna líka og gerði ég uppdrátt að henni um leið. Mynd af uppdrættinum er í síðasta hefti Óðins.“

Guðjón Samúelsson lauk námi árið 1919 og var ári síðar skipaður húsameistari ríkisins. Því starfi gegndi hann til dauðadags árið 1950 og hafa fáir menn haft jafnmikil áhrif á íslenska húsagerðarlist og hann. Meðal helstu verka hans eru Þjóðleikhúsið, Háskóli Íslands, Landspítalinn, Sundhöll Reykjavíkur, Akureyrarkirkja — og síðast en ekki síst Hallgrímskirkja í Reykjavík.

Árið 1924 var skipuð nefnd til að vinna að fyrsta skipulagsuppdrætti af Reykjavík. Í nefndinni sátu Geir G. Zoëga vegamálastjóri, Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins, Knud Zimsen borgarstjóri og Matthías Þórðarson þjóðminjavörður. Guðjón Samúelsson lagði fram tvær tillögur að skipulagi Skólavörðuholtisins og hafði þá hugmyndir um að þar stæði í framtíðinni „háborg íslenskrar menningar“. Á miðju torgi skyldi standa dómkirkja landsins, en allt um kring hana helstu menningarstofnanir þjóðarinnar. Urðu á sínum tíma miklar umræður og deilur um þessar hugmyndir, en uppdrættir að skipulagi holtisins bera vott um stórhug húsameistara og metnað og eru menningarsöguleg skjöl. Og vel má vera að menn hefðu betur farið að tillögum Guðjóns Samúelssonar.

Fyrstu þrjá áratugi þessarar aldar áttu íbúar Reykjavíkur aðeins eina þjóðkirkju, en Frikirkjan hafði verið stækkuð og vígð að nýju árið 1924. Því var farið að huga að byggingu nýrrar kirkju þegar íbúatala höfuðborgarinnar óx. Á sóknarfundi í Dómkirkjunni 5. desember 1926 var samþykkt tillaga um að reisa nýja kirkju í austurbænum, „til dæmis á Skólavörðuholtinu“ eins og segir í fundargerð.

Árið 1929 veitti stjórnin fé til að efna til samkeppni á vegum sóknarnetndar Dómkirkjunnar um uppdrætti að nýrri kirkju sem vera skyldi veglegasta kirkja landsins. Tillögur bárust fáar og þótti engin aðgengileg. Ágúst Pálsson, síðar arkitekt, vann til fyrstu verðlauna, en önnur verðlaun hlaut Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari. Hvorugur uppdrátturinn var notaður.

Árið 1937 ritaði ríkisstjórnin Guðjóni Samúelssyni bréf fyrir áeggjan safnaðarnefndar Dómkirkjunnar og fól honum að teikna og standa fyrir byggingu Hallgrímskirkju á Skólavörðuhæð, en þá höfðu þegar verið samþykkt lög á Alþingi um stofnun Hallgrímsprestakalls. Guðjón Samúelsson varð við þessari beiðni og 11. júní 1942 mátti í fyrsta sinn líta líkan af hinni nýju kirkju. Viðbrögð manna urðu á ýmsa lund, en að mestu lofsamleg í fyrstu. Jólblað Tímans árið 1942 var helgað nýrri Hallgrímskirkju og Jónas Jónsson frá Hriflu var ákafur stuðningsmaður hennar og færði fyrir byggingu hennar þjóðernisleg og tilfinningaleg rök. Síðar stóðu heiftúðugar deilur um kirkjuna í dagblöðum og öðrum ritum áratugum saman sem nú er mál að linni þegar séð er fyrir endann á byggingu þessa mikla mannvirkis á árinu 1986.

Séra Ragnar Fjalar Lárússon hefur bent á að kirkjan hafi nú verið rúm 40 ár í smíðum, eða jafnlengi og það tók Móse að leiða Ísraelsmenn yfir eyðimörkina til fyrirheitna landsins. Þegar litið er á þetta mikla mannvirki er það næsta ótrúlegt að það skuli að mestu hafa verið byggt fyrir frjáls framlög velunnara kirkjunnar og óbilandi elju safnaðarins. Framlög ríkis og borgar eru aðeins óverulegur hluti byggingarkostnaðar og víst er að mismikils skilnings var að mæta þegar talsmenn byggingarinnar komu á fund yfirvalda með beiðni um fjárstyrk á þessum fjórum áratugum, þó að nokkuð hafi þar úr ræst á allra síðustu árum þegar séð varð að byggingunni yrði lokið. Sú óbilandi elja, sem borið hefur framkvæmdina uppi, er án efa einsdæmi. Á þar ekki minnstan þátt Hermann Þorsteinsson, framkvæmdastjóri byggingarsjóðs, sem hefur gegnt því starfi í meira en 20 ár. En ótalmargir aðrir hafa lagt hönd á plóginn og mikið starf má þakka Kvenfélagi Hallgrímskirkju, safnaðarprestum fyrir og nú og fjölmörgum öðrum.

Það er ljóst að nú þegar kirkja séra Hallgríms er risin fyrir þrotlaust starf safnaðarins er það vart á færi hans að ganga þannig frá kirkjunni að innan að sómi sé að nema til komi aðstoð frá allri þjóðinni. Það sem hér þarf til getur Alþingi Íslendinga lagt fram svo að hinu mikla skáldi, séra Hallgrími Péturssyni, frumherja íslenskrar húsagerðarlistar, Guðjóni Samúelssyni, og íslenskum listamönnum, sem nú eru á meðal okkar, sé sómi að um aldur og alla tíð.

Hlutverk nefndar þeirrar er skipa skal.

Flutningsmönnum er ljóst að listskreyting Hallgrímskirkju er mikið verk sem óhjákvæmilega tekur langan tíma og krefst vinnu fjölmenns hóps listamanna. Þetta umfangsmikla verk þarfnast góðs og skipulegs undirbúnings og því er brýnt að hann geti hafist sem fyrst. Án efa er nauðsynlegt að efna til einhvers konar ráðstefnu með listamönnum þjóðarinnar um vinnubrögð, t. d. um hvort efna skuli til samkeppni um hugmyndir að heildarskipulagi skreytingar, eða hvort annan hátt megi hafa á. Hlutverk nefndarinnar hlýtur að vera að ná sem bestu samstarfi við íslenska listamenn og sjá til þess að þeir fjármunir, sem veittir eru í þessu skyni, nýtist sem best.